

*Tillaga 1 - Endurskilgreining á ráðningahlutfalli starfsmanna vegna ákvæða um hvíldartíma.*

*Brögð eru að því að starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar sem starfa m.a. á heimilum og starfsstöðvum fatlaðs fólks fái ekki ráðningu í 100% starf vegna ákvæða um hvíldartíma. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að störf hjá Hafnarfjarðarbæ sem vegna ákvæða um hvíldartíma teljast ekki 100% verði endurskilgreind þannig að starfshlutfall sem fer að mörkum um hvíldartíma teljist fullt starf og verði 100%. Þetta ætti að vera sjálfsögð og eðlileg krafa til handa þeim sem á þessum starfsstöðum starfa og sú metnaðarfulla stefna að fjölga fagmenntuðu starfsfólki á heimilum og starfsstöðvum fatlaðs fólks hlýtur að kalla á að starfsumhverfi og launakjör fólks séu eftirsóknarverð. Þetta er ein leið til þess.*

*Tillöggunni er vísað til fjölskylduráðs og bæjarráðs.*

*Næst til máls tekur Adda María Jóhannsdóttir og leggur fram svohljóðandi tillögur Samfylkingarinnar við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun*